

Naustaskóli

Starfsáætlun 2025-2026

1. bekkur



Andrea Stefánsdóttir

Aníta Hrund Hjaltadóttir

Eydís Elva Eymundsdóttir

Námsumhverfi/skipulag

Í vetur verða nemendur 31. Í teyminu eru þrír umsjónarkennarar og tveir stuðningsfulltrúar. Umsjónarhópar verða þrír og skiptast hlutfallslega jafnt á milli umsjónarkennara en umsjónarkennari í 80% stöðu mun hafa færri nemendur í umsjón. Stoðkennari í 1.-3. bekk mun vera leiðtogi fyrir umsjónarkennarana í Byrjendalæsi en umsjónarkennarar sjá um alla kennslu nema íþróttir og sund.

Leitast verður eftir því að hópurinn sé sem ein heild og sé saman í krók. Áætlað er að hver umsjónarkennari hafi sinn umsjónarhóp sem er þá tengiliður við foreldra. Allir kennarar bera þó sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum og munu koma að öllum nemendum á einn eða annan hátt og reynt verður að hafa hópinn sem mest blandaðan.

Unnið verður í margskonar hópum í vetur auk þess sem kennslufyrirkomulag verður margþætt. Allt fer það eftir viðfangsefni og hvernig námsaðlögun verður háttað hverju sinni en mikið verður lagt upp með stöðvavinnu. Einnig verður útiskóli einu sinni í viku.

Námsumhverfið er lestrarhvetjandi og lögð verður áhersla á að börnin geti verið nokkuð sjálfbær og sjálfstæð í vinnubrögðum. Börnin koma til með að hafa aðgang að lestrarkrók þar sem þau mega vinna sjálfstætt að ýmsum lestrarhvetjandi verkefnum.

Námsmarkmið verða kynnt fyrir nemendum hverju sinni og höfð sýnileg inni á svæði. Verk nemenda verða hengd upp í hæð þeirra eins og kostur er.

Kenndir verða 30 kennslustundir á viku frá klukkan 8:10 á morgnanna til 13:00 á daginn nema á mánudögum þar sem nemendur koma á misjöfnum tíma úr sundi. Frístund tekur við nemendum áður en þau fara í sund og þegar þau koma úr þeim ferðum. Nemendur fá sér hressingu eftir fyrstu kennslustund að morgni, ýmist nesti að heiman eða ávexti og/eða mjólk sem hægt er að kaupa í áskrift hjá skólanum. Frímínútur eru 20 mínútur að morgni og hádegismatur ásamt frímínútum eru 30 mínútur samtals.

Kennsluhættir verða fjölbreyttir, athafnamiðaðir og sveigjanlegir. Unnið verður eftir aðferðum Byrjendalæsis þar sem nemendur læra að lesa út frá merkingarbærum textum. Leitast verður eftir að notaðir verði svokallaðir gæðatextar. Lögð verður áhersla á talmál,

ýmsa textavinnu, samband stafs og hljóðs, reynslu barnanna o.fl. Einnig er mikið lagt upp úr lesskilningi, ritun og orðaforða. Lögð verður áhersla á að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og að þeir geti yfirfært það á daglegt líf. Unnið verður í hringekjum og stöðvum, litlum hópum og stórum hópum.

Unnið verður eftir kennsluáætlunum í Byrjendalæsi þar sem hver áætlun hefur ákveðið þema. Í föstudagspóstum segjum við frá því þema og verkefnum sem við höfum unnið að og því sem framundan er.

Þemu

Þau þemu sem við vinnum með í Byrjendalæsi í vetur eru eftirfarandi í tímaröð:

- Skólafærni og vinátta
- Haustið
- Skólinn og nærumhverfið
- Ég, fjölskyldan og vinir; mismunandi fjölskyldugerðir
- Vinátta og samskipti
- Jólþema - Samkennd, þakklæti og nægjusemi
- Álfar og huldufólk
- Þorrinn
- Getnaður/Líkaminn minn
- Árshátíð
- Íslensk húsdýr

Námsgreinar

Þær námsgreinar sem kenndar verða af umsjónarkennurum í 1. bekk eru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, tónmennt og lífsleikni. Íþróttir og sund kenna íþróttakennarar.

Jákvæður agi og bekkjarfundir

Við komum til með að nýta jákvæðan aga í öllu starfi skólans eftir bestu getu. Meginreglur Jákvæðs aga styðja við að byggja samband væntumþykju og virðingar sem auðvelda við að finna lausnir til framtíðar. Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum. Í lok hvers dags höfum við bekkjarfund þar sem farið er yfir daginn og ákveðin umræðuefni tekin fyrir hverju sinni.

Markmiðið er að byrja alla morgna með sama sniði til að auka öryggi og festu ungra nemenda. Við byrjum í krók og förum yfir daginn með öllum börnunum, dagatal er skoðað, tala dagsins er tekin fyrir í tengslum við 100 daga hátíðina og lög sungin. Eftir það fara nemendur í vinnustundir sem ýmist eru settar upp sem hringekjur eða á svæðaskiptum stöðvum. Síðan eru íþróttir, sund, útiskóli og tónlist samkvæmt stundatöflu.

Stærðfræði

Unnið verður með stærðfræði kennt við Zankov sem hefur fengið íslenska heitið Neistastærðfræði. Kennslan einkennist af athugunum, greiningu og rökrænni hugsun. Að finna svar er ekki það eina sem máli skipti heldur að skilja hvað liggur að baki dæmunum. Nemendurnir eiga að geta útskýrt aðferðir sínar og fært rök fyrir vali þeirra. Þessi leið í stærðfræðikennslu snýst því meira um að leysa verkefni en að æfa aðferðir. Kennslan fer fram í litlum hópum þar sem umræður gegna lykilhlutverki. Í þeim verður lögð áhersla á að nemendur taki virkan þátt og að viðfangsefnið bjóði upp á fleiri en eitt rétt svar við spurningunum. Samhliða Neista vinna nemendur í Sprota, námsspilum, stærðfræði leikjum í spjaldtölvu og hlutbundinni vinnu.

Upplýsingatækni

Í kennslunni eru ýmis forrit í spjaldtölvum notuð markvisst. Við nýtum námsleiki á leikjavef mms.is í tengslum við markmið kennslunnar hverju sinni til að auka fjölbreytileika. Einnig eru tölvurnar nýttar til upplýsingaöflunar og námsaðlögunar.

Vettvangsferðir

Farið verður í nokkrar vettvangsferðir á skólaárinu sem verða tengdar þeim þeimum sem unnið verður með hverju sinni. Sem dæmi: haustferð, gönguferð í Naustaborgir, ferð á Minjasafnið, bókasafnsferð, ferð á skauta, o.fl. Útiskóli verður einu sinni í viku, þá göngum við saman upp í Naustaborgir og nemendur koma með nesti til að grilla yfir opnum eldi. Nemendur læra að bera virðingu fyrir nærumhverfinu, fá góða þjálfun í hugrekki og seiglu og læra mikið af nýjum orðum tengd náttúrunni.

Viðburðir

Viðburðir geta verið ákveðnir með stuttum fyrirvara en þeir viðburðir sem ákveðnir eru nú eru m.a:

- Hundrað daga hátíðin verður haldin með pompi og prakt í kringum hundraðasta skóladaginn. Þá mega nemendur koma í búningum, við sláum upp balli og gerum okkur glaðan dag. Börnin fá einnig 10 tegundir af góðgæti og 10 stykki af hverju og samtals telja þau sér 100 stykki af góðgæti og setja í kramarhús. Við horfum jafnvel á bíómynd á meðan góðgætinu eru gerð góð skil.
- Árshátíð skólans verður haldin 26. mars þar sem 1. bekkur sýnir undirbúið atriði.

Námsmat

Notaðar verða fjölbreyttar leiðir til að meta stöðu nemenda. Notast verður við símat og leiðsagnarmat sem fer fram meðan á kennslu stendur og niðurstöður svo nýttar í þeim tilgangi að læra af þeim, þar sem reglulega verður fylgst með vinnu nemenda og hún skráð niður. Að auki leggjum við fyrir læsispróf frá Menntamálastofnun, tvö til þrjú lestrarpróf/stafakannanir og tvær til þrjár kannanir í stærðfræði, bæði verklegar og skriflegar. Fyrsta prófið frá Menntamálastofnun verður lagt fyrir í lok september, það er lestrarskimunarkönnun sem byggð er á hugmyndum kennsluaðferðarinnar Leið til læsis. Niðurstöður þessarar könnunar geta hjálpað til við að koma auga á mögulega

lestrarörðugleika. Unnið verður með þær niðurstöður samkvæmt kennsluáætlunum sem Leið til læsis hefur þróað.

Skráð verður í markmiðalista á Mentor í lok hverrar annar hvaða markmiðum börnin hafa náð og það birt foreldrum jafnóðum. Niðurstöður kannanna verða birtar á Mentor.

Nemendasamtöl

Stefnt er að því að taka skipulögð nemendasamtöl eins og kostur er þar sem hver nemandi er spurður persónulega út í líðan sína og upplifun í skólastarfinu. Reynsla okkar hefur einnig sýnt að þessar umræður eiga sér stað í einhverri mynd nær daglega milli nemenda og kennara.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamtöl

Fyrstu tvo daga skólaársins eru foreldrasamtöl. Þá koma foreldrar með börnin sín í samtal við umsjónarkennara. Næstu viðtöl eiga sér stað 12. nóvember. Á vorönn skólaársins, 16. og 17. febrúar, eru einnig foreldrasamtöl þar sem farið verður yfir námsframvindu nemenda og þeim og foreldrum gefnar leiðbeiningar um framhaldið.

Samskipti, samtöl og samvinna

Foreldrar eru beðnir um að vera duglegir að óska eftir samtölum ef þeim liggur eitthvað á hjarta eða vilja nánari upplýsingar varðandi nám barnsins eða skólastarfið. Einnig hvetjum við foreldra til að koma í heimsókn á skólatíma og fylgjast með námi og líðan barna sinna í skólanum. Þá er einnig mjög mikilvægt að foreldrar láti vita af öllum breytingum sem verða á högum sem geta haft áhrif á nám og líðan nemenda í skólanum.

Föstudagspóstur

Föstudagspóstur verður sendur einu sinni í viku til foreldra þar sem farið er yfir hvernig liðin vika gekk og upplýsingar birtar um helstu áherslupætti vikunnar á eftir. Ef einhverjar spurningar vakna eftir lestur föstudagspósts eru foreldrar/forráðamenn beðnir um að senda póst á umsjónakennara barnsins.